

## Kíkt í hljóðverið hjá Bubba og félögum

Klukkan var rúumlega tíu að morgni og upptökugræjurnar komnar í gang í Stúdíó Sýrlandi. Strákarnir með Bubba í fararbroddi sestir hver við sitt hljóðfæri og svo var talið í.

Rúllað var í fyrsta lag dagsins, svo var lagið tekið aftur þegar þeirri töku lauk ræddu menn lítilega saman og Bubbi útskýrði afhva hann hefði gítarinn opinn í fyrri hluta lagsins. "Hljóheimuinn verður meiri, og sándið hlýrra" útskýrði Bubbi og vitnaði í erlent lag þv staðfestingar. Menn voru strax sammála Bubbi og tóku útskýringuna gilda.

Svo var talið í lagið í þriðja sinn og viti menn þegar síðasti tónninn hafði dáíð út hjá spilurunum voru allir á einu máli "Þetta var "TAKE" Þetta steinlyggur sagði Bubbi staðfastur og menn slóu saman höndum. Eftir að hafa komið fram og farið yfir upptökuna þv svo haldið inn í upptökusalinn á ný og talið í næsta lag.

Þessi aðferð við upptöku á plötu hefur ekki verið víð lýði hér á landi frá því menn fóru að leika sér með rásaskiptingar í hljóðvrum Það er því nokkuð óvenjulegt vinnuferli sem þarna á sér stað og bíður ekki upp á annað en hver maður kunni sinn part upp á 10. miður varð bubbi.is að yfirgefa hljóðverið á þeirri stundu sem menn voru að byrja á næsta lagi.

En þennan þriðja formlega upptökudag náðu menn að skila fimm lögum inn og voru á komin ein tólf lög inn á diskinn, menn eru víst löngu hættir að notast við upptökubönd eins og var fyrir daga tölvunnar. Nú er þetta tekið inn í tölvu og geymt á hörðum disk. Bubbi er þess fullviss að þessi plata muni fara í hóp hans bestu og ekki gat Bubbi.is heyrt annað á þessari stuttu viðvöld í Stúdíó en sú fullyrðing gæti hæglega staðist.

Það verður óneitanlega gaman að fá þennan grip í hendurnar, svo mikið er víst.

(bubbi.is/BÖB)